

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/530*  
*komudagur 6.7.2009*

**Alþingi, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd**  
Gautur Sturluson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júlí 2009  
*Mál nr. 0905001*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvalveiðar 112. mál**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útveggsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva um frumvarp til laga um hvali 112. mál.

Samtökin fagna því að veiðum á langreyði og hrefnum í atvinnuskyni sé haldið áfram. Íslendingum ber að gæta vel að rétti sínum til nýtingar hvalastofna við landið í samræmi við ákvæði Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Grundvallaratriði er að landsmönnum verði hvorki meinað að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt, né að viðhalda jafnvægi milli tegunda. Sjálfbærar hvalveiðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar eru ekki einungis mikilvægur tekjustofn heldur skipta þær einnig miklu máli varðandi möguleika okkar á að auka veiði á þorski, loðnu og öðrum nytjastofnum. Til lengri tíma litið er hér um að ræða tuga milljarða króna í útflutningstekjum á ári, til viðbótar þeirri verðmæta- og atvinnusköpun sem hvalveiðarnar færa okkur.

Samtökin gera athugasemd við undirbúning frumvarpsins, en ekkert samráð eða samvinna var höfð við hagsmunaaðila við þá vinnu. Það hefði verið til þess fallið að styrkja lagaumgjörðina og þá starfsemi sem lögin hafa áhrif á. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess þekking og reynsla manna innan stjórnkerfisins um hvalveiðar er takmörkuð, en nauðsynlegt hefði verið að kalla þá aðila til sem hafa reynslu af þessum störfum að þessari endurskoðunarvinnu.

Þetta lagafrumvarp ber með sér ýmis skilyrði, takmarkanir og forsendur sem koma beint og óbeint í veg fyrir að hvalveiðar verði stundaðar hér við land með eðlilegum hætti. Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er almenna löggjöfin á þessu réttarsviði og eru lög nr. 26/1949, um hvalveiðar sérlæg. Lög um stjórn fiskveiða taka til nytjastofna á Íslandsmiðum, þ.m.t. sjávardýr sbr. 2. gr. laganna. Rétt væri að láta þau lög gilda með almennum hætti um hvalveiðar, enda starfsemi í kringum hvalveiðar um flest sambærileg og við fiskveiðar. Síðan ætti að setja sérákvæði eða reglugerðir til að ná utan þau atriði sem lúta sérstaklega að hvölum og hvalveiðum eðli málsins samkvæmt.

### *Athugasemdir um nokkur efnisatriði frumvarpsins*

a)

Frumvarpið gerir ráð fyrir að veita leyfi til hvalveiða til eins árs í senn skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Jafnframt skulu öll leyfi gefin út skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar falla úr gildi skv. 17. gr. frumvarpsins.

Í dag starfa aðilar við hvalveiðar og vinnslu með gild leyfi á grundvelli gildandi laga nr. 26/1949 um hvalveiðar. Með því að fella öll leyfi úr gildi með einfaldri lagabreytingu er verið að vega að lögmætum væntingum aðila sem starfa í greininni. Hér er því mögulega um skaðabótaskylda aðgerð af hálfu ríkisvaldsins að ræða.

Meginreglan við stjórn fiskveiða er að úthluta aflahlutdeild til einstakra skipa. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir að veitt skuli sérstök veiðileyfi til hvalveiða. Réttara væri að virða meginreglur laga um stjórn fiskveiða og úthluta aflahlutdeild og aflamarki. Hvalveiðar eru sérhæfð atvinnugrein og veiðar á stórhvölum kallar á umtalsverða fjárfestingu. Það er því miklægt að þeir sem veiðarnar stunda hafi traustan lagagrundvöll fyrir starfsemi sinni til lengri tíma en þessum aðilum hefur með óréttmætum hætti verið haldið frá því að stunda atvinnu sína um tveggja áratuga skeið.

b)

Ráðherra skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar í upphafi hvers árs ákveða hvernig haga skuli hvalveiðum á næsta fiskveiðiári skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Hér verður að benda á að í gildi er reglugerð nr. 58/2009 sem kveður á um að leyfilegur heildarafla á langreyði og hrefnu á árunum 2009-2013 skuli nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar. Samkvæmt gildandi lögum um hvalveiðar nr. 26/1949 og gildandi leyfum skv. þeim lögum þá liggur fyrir að heimilt er að veiða þessar hvalategundir til næstu fimm ára.

Með því að lögbinda að tillögur Hafrannsóknarstofnunarinnar komi í janúar ár hvert er verið að koma í veg fyrir með óbeinum hætti að hægt sé stunda hvalveiðar. Hvalvertíð hefst að vori og stendur fram á haust. Með því að lögbinda kynningar og samráðsferlið með þessum hætti mun ekki liggja fyrir með staðfestum hætti hve marga hvali megi við upphaf vertíðar. Undirbúa þarf vertíðina með að minnsta kosti hálfis árs fyrirvara og því er í raun gert ógerlegt að stunda hvalveiðar verði þetta ákvæði óbreytt að lögum. Rétt væri að nota 3. gr. laga um stjórn fiskveiða hér, en þar hefur ráðherra almenna heimild til ákveða með reglugerð heildarafla á tilteknu tímabili eða vertíð.

c)

Ný sérstök skylda er lögð á ráðherra í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins um að veita þeim sem vilja að koma að athugasemdum við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. Hér er öllum, bæði erlendum og innlendum aðilum, veittur möguleiki á því að koma að athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra, áður en hann tekur ákvörðun um hvalveiðar.

Til þessa hefur ekki staðið á ólíkum aðilum, alveg óháð lagaheimildum, að hafa skoðanir á tillögum Hafrannsóknarstofnunarinnar og ráðherra sjávarútvegsmála um fiskveiðar og engin ástæða til að ætla að annað myndi eiga við um hvalveiðar. Ákvæði um að lögbinda opna umsagnarheimild er í ósamræmi við meginreglur laga um stjórn fiskveiða og ber að fella úr frumvarpinu. Fella ber því út 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

d)

Í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins er eftirfarandi ákvæði:

„Telji ráðherra að hvalveiðar eða veiðar á tilteknum tegundum hvala geti haft neikvæð áhrif á heildarhagsmuni þjóðarinnar getur hann ákveðið að leyfa ekki eða stöðvað allar eða tiltekna veiðar án tillits til tillagna Hafrannsóknarstofnunarinnar.“

Þetta ákvæði er nýtt og gengur gegn vilja löggjafans. Í gildi er þingsályktun Alþingis nr. 8/123, þar sem kemur skýrt fram að Alþingi ályktaði að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og fól ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðarnar. Ráðherra sem starfar á vegum stjórnsýslunnar, getur ekki tekið að sér hlutverk Alþingis og ákveðið að stöðva hvalveiðar upp á sitt einsdæmi.

Fyrir utan að ákvæðið felur í sér vafasamt framsal lagasetningarvalds, þá verður að gera alvarlegar athugasemdir við efnisatriði ákvæðisins. Ráðherra er í raun í alvald sett hvort honum þyki hvalveiðar hafa neikvæð áhrif á heildarhagsmuni þjóðarinnar. Slíkt skilyrðislaust framsal, án nokkurra takmarkana er ólöglegt. Fella ber því út 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

e)

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gerð ófrávíkjanleg krafa um að í áhöfn á hverju veiðiskipi sé að minnsta kosti einn aðili sem reynslu hefur af veiðum á þeirri hvalategund sem veiðar eru stundaðar á.


Krafan felur í sér mismunun sem byggir á ómálefnalegum forsendum. Markmið 7. gr. frumvarpsins er að reyna að tryggja að veiðar fari sem best fram. Því markmiði er hægt að ná með margvíslegum hætti, en ekki að einskorða sig við að finna eldri sjómenn sem voru á hvalveiðum fyrir mörgum árum síðan. Ákvæðið veitir þessum fáu skipverjum forgang til starfa við hvalveiðar, alveg óháð annarri hæfni, reynslu og menntun sem að sjómenn öðlast við störf sín við aðrar veiðar eða önnu skyld störf. Fella ber því út lokamálslið 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Við leggjum til að frumvarpið verði endurskoðað í samræmi við ofangreint.

f.h. Landssambands íslenskra  
útvegsmanna

  
Friðrik J. Arngrímsson

f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

  
Guðbergur Rúnarsson